



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - nefndasvið
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Reykjavík 3. október 2018

1810003SA VÓHS
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að heimila skráningu lögheimilis barna hjá báðum forsjáforeldrum, 149. löggjafarþing – 25. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 28. september 2018, þar sem kallað er eftir umsögnum um ofangreint mál.

Afstaða til frumvarpsins

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur síðustu ár veitt umsagnir¹ um viðlíka málefni og í meginatriðum lagst gegn slíkum hugmyndum um tvöfalt lögheimili barna. Er sú afstaða enn og aftur áréttuð í þessari umsögn.

Með bréfi dags. 23. júní 2017 skipaði þáverandi samgöngu – og sveitarstjórnarráðherra starfshóp sem skyldi yfirfara gildandi lög um lögheimili og lög um tilkynningar aðsetursskipta. Starfshópin skipuðu Hanna Lára Helgadóttir hrl., Þyrí Halla Steingrímsdóttir hrl. og Ástríður Jóhannesdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs hjá Þjóðskrá Íslands. Í þeirra vinnu var sérstaklega skoðað hvort börn sem búa til jafns hjá foreldrum sem hafa sameiginlega forsjá og eru ekki í sambúð eða hjúskap geti átt tvöfalt lögheimili. Við mat á því var horft til skýrslu innanríkisráðherra um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum sem lögð var fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016² og skýrslu sama hóps frá mars 2017.

Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur sagði þetta um tvöfalt lögheimili barna:

„Talið er að erfitt geti verið fyrir sveitarfélög að uppfylla skyldur sínar í þessu samhengi og var því ekki talið rétt að heimila skráningu tvöfalds lögheimilis. Komi tillögur í fyrrgreindri skýrslu frá mars 2017 til framkvæmda mun Þjóðskrá Íslands væntanlega skrá sérstaklega að búseta barna sé skipt eða tvöföld, þ.e. skipt búseta en barnið hafi aðeins eitt lögheimili.“

Skilgreining á lögheimili er í samræmi við ákvæði eldri laga þar sem lögheimili miðast við fasta búsetu. Meginreglan um að enginn geti átt fleiri en eitt lögheimili hér á landi er áfram í lögunum þar sem mörg lög miða réttaráhrif við skilgreiningu lögheimilislaga á fastri búsetu.

Réttaráhrif þess að barn hafi lögheimili hjá foreldri með sameiginlega forsjá

Skráning lögheimilis hefur margvísleg áhrif á ýmsum réttarsviðum. Þannig eru skyldur sveitarfélaga til að veita þjónustu innan velferðarkerfisins að mestu leyti bundnar við lögheimili eða búsetu í tilteknu sveitarfélagi, t.d. samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, lögum um leikskóla og lögum grunnskóla. Einnig hefur lögheimilisforeldrið

¹ <https://www.althingi.is/altext/erindi/143/143-345.pdf>

² <https://www.althingi.is/altext/pdf/145/s/0170.pdf>



rétt á meðlagi með barninu frá hinu foreldrinu og þá greiðast barnabætur til framfæranda og er við mat á því fyrst og fremst litið til þess hjá hverjum barn er skráð til lögheimilis í árslok hjá Þjóðskrá.

Tvöföld lögheimilisskráning barna getur haft veruleg áhrif á þjónustu og útgjöld sveitarfélaga, ekki síst í skólamálum. Í allri umræðu um jöfnun á stöðu foreldra barna sem búa á tveimur heimilum hefur um of verið einblínt á að börn hafi tvöfalt lögheimili í stað þess að horft sé til annarra þátta til að jafna stöðu foreldra, eins og fjárhagslegra þátta á borð við það hvernig greiðslur frá hinu opinbera skiptast á milli foreldra. Forsendur þess að hægt sé að leggja fram tillögur að breyttu lagaumhverfi kalla á ítarlega könnun á hvaða sviðum er merkjanlegur aðstöðumunur á milli foreldra sem fara með sameiginlega forsjá og í hverju hann felst.

Í umsögn umboðsmanns barna um þingsályktunartillögu sem lögð var fram á 141. löggjafarþingi Alþingis, 152. mál, sagði: „Jafnt búsetuform barna snýst að mati umboðsmanns barna fyrst og fremst um að jafna stöðu foreldra en ekki hagsmuni og réttindi barnsins“. Löggjafinn þurfi hér því miklu fremur að hafa í huga að þarfir barns vega þyngra en sjónarmið foreldra um að barn verði að hafa tvöfalt lögheimili. Frekar á að ætlast til þess að foreldrar lagi sig að aðstæðum barnsins, til að tryggja því samfellu í daglegu lífi, öryggi og festu, en að barnið aðlagi sig að aðstæðum foreldranna.

Lokaorð


Margar opinberar stofnanir grundvalla ákvarðanir sínar að mestu á skráningu einstaklinga í þjóðskrá en ýmis réttindi einstaklinga, svo sem réttur til greiðslna úr almannatryggingarkerfinu, umsóknir um ýmis leyfi og skráning einstaklinga á kjörskrá er bundin við lögheimili. Þá kallar frumvarpið á umfangsmiklar breytingar á þjónustu og útgjöldum sveitarfélaga. Sambandið getur ekki stutt frumvarp sem gerir þá kröfu til sveitarfélaga að þau aðlagi sig að algjörlega nýju greiðslu- og þjónustufyrirkomulagi hjá þúsundum fjölskyldna þegar löggjafinn gerir þá kröfu að samvinna og gott samband milli foreldra sé forsenda þess að hægt sé að ræða um jafna búsetu barns.

Þá segir í 3. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: „Hver maður telst íbúi sveitarfélags þar sem hann á lögheimili“, vísast um skilgreiningu hugtaksins lögheimili hér til laga um lögheimili og aðsetur.

Frumvarpið er þingmannafrumvarp sem kallar ekki á skyldu til þess að kostnaðarmeta afleiðingar þess. Fullt tilefni hefði þó verið til þess að láta fylgja með frumvarpinu tölfræðileg gögn sem gætu gefið nokkra mynd af þeim fjárhagslegum áhrifum sem frumvarpið hefur á fjárhag sveitarfélaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri